



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Endurgjaldshugtakið í 1. mgr. 206. gr. hgl.**

Ingunn Sigríður Árnadóttir

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Apríl 2014



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Endurgjaldshugtakið í 1. mgr. 206. gr. hgl.**

Ingunn Sigríður Árnadóttir

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Apríl 2014



## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	5
2	Vændisákvæði hegningarlaga .....	6
2.1	Skilgreining vændishugtaksins.....	6
2.2	Tjónsbrot með fullframningarstig fært fram .....	7
2.3	Concursus necessarius.....	8
3	Þróun vændisákvæðisins í löggjöfnni .....	8
3.1	Vændislöggjöf á Íslandi .....	8
3.2	Vændislöggjöf á Norðurlöndunum.....	10
3.2.1	Svíþjóð .....	10
3.2.2	Noregur.....	11
4	Túlkun ákvæðisins .....	12
4.1	Almennt.....	12
4.2	Innra samhengi .....	12
4.2.1	Greiðsla og endurgjald .....	13
4.2.2	Heit greiðslu eða endurgjalds.....	13
4.2.3	Niðurstöður skoðunar á innra samhengi.....	13
4.3	Ytra samhengi .....	13
4.3.1	Greiðsla og endurgjald .....	14
4.3.2	Heit greiðslu eða endurgjalds.....	15
5	Erlend skrif.....	15
6	Dómaframkvæmd.....	17
6.1	Hrd. 31. október 2013 (526/2013).....	17
6.1.1	Málsatvik, forsendur og niðurstaða.....	17
6.1.2	Ályktanir.....	18
6.2	Dómaframkvæmd í Svíþjóð .....	19
7	Niðurstöður og lokaorð .....	21
	HEIMILDASKRÁ .....	23
	DÓMASKRÁ.....	24

# 1 Inngangur

Á tíunda áratug síðustu aldar fór að bera á aukinni umræðu um vændi hér á landi. Með vaxandi hnattvæðingu jókst sýnileiki markaðsvæðingar kynlífs til muna sem leiddi til aukinnar umfjöllunar um vændi.<sup>1</sup> Vændi tilheyrir svokölluðum kynlífsmarkaði en það hugtak hefur verið notað um verslun með kynlíf. Innan þess rúmast meðal annars vændi, nektardansstaðir og mansal.<sup>2</sup> Slíkur markaður er iðulega er tengdur við undirheima samfélagsins þar sem mikið ber á fátækt, misnotkun og fíkniefnaneyslu.<sup>3</sup> Á Íslandi hefur löngum verið reynt að koma í veg fyrir vændi með lögum, en aðferðin sem beitt hefur verið við að hindra vændisstarfsemi hefur þó breyst nokkuð frá því fyrstu lagaákvæðin sem vörðuðu vændi komu í lög hér á landi.<sup>4</sup> Um vændi er fjallað í 206. gr. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940<sup>5</sup>, en kaflinn fjallar um kynferðisbrot.

Í ritgerðinni verður áhersla lögð á 1. mgr. 206. gr. hgl. og þá sérstaklega þau álitamál sem tengjast greiðslu- og endurgjaldshugtakinu, en í ákvæðinu kemur fram að hver sá sem greiðir eða heitir greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi skuli sæta refsingu. Markmið ritgerðarinnar er að draga ályktun um hvað þurfi að vera komið fram af hálfu kaupanda til þess að um brot gegn ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. sé að ræða.

Skóðaðar verða tvær spurningar, annars vegar hvað telst vera greiðsla eða endurgjald í skilningi ákvæðisins og hins vegar hvenær kaupandi er álitinn hafa greitt ellegar heitið greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi. Hvað fyrri spurninguna varðar má velta fyrir sér eftirfarandi dæmi, sem sýnir fram á vafann sem sprottið getur upp þegar á þessi álitamál reynir. Telst það vera brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. ef meintur kaupandi afhendir eða gefur aðila sem hann hefur samræði við eða önnur kynferðismök sígarettupakka, áfengi, mat eða húsaskjól á svipuðum tíma og samræðið eða kynferðismökin eiga sér stað? Telst aðili hafa brotið gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. ef hann gefur öðrum aðila loforð um húsaskjól á sama eða svipuðum tíma og samræði eða kynferðismök þessara aðila fara fram?

Til þess að finna svörin við þessum spurningum og komast að niðurstöðu um álitaefnin verður að líta til ýmissa þátta. Í upphafi þarf að skilgreina vændishugtakið og grandskoða ákvæðið sjálft og hvernig beri að flokka það. Það verður gert í kafla 2. Í kafla 3 verður þróun vændisákvæðisins skoðuð, héraendis og í Svíþjóð og Noregi. Í kafla 4 verður farið yfir túlkun lagaákvæðisins og innra og ytra samhengi þess rannsakað. Í kafla 5 verður litið til erlendra

---

<sup>1</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Vændi – löggjöf og viðhorf“, bls. 393.

<sup>2</sup> Drífa Snædal: *Kynlífsmarkaður í mótun*, bls. 5.

<sup>3</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 549.

<sup>4</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Vændi – löggjöf og viðhorf“, bls. 395.

<sup>5</sup> Hér á eftir verða almenn hegningarlög nr. 19/1940 með síðari breytingum skammstöfuð hgl.

fræðiskrifa. Í kafla 6 verður skoðuð dómaframkvæmd bæði hérlendis og í Svíþjóð. Að lokum verða niðurstöður reifaðar í kafla 7.

## 2 Vændisákvæði hegningarlaga

### 2.1 Skilgreining vændishugtaksins

Samkvæmt lögfræðiorðabókinni er vændi skilgreint þannig: „Það að hafa samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu“. <sup>6</sup> Því má segja að í vændi felist ákveðin verslun eða viðskiptasamband. Bersýnilega er þó ekki um hefðbundið viðskiptasamband að ræða þar sem varan, það er að segja andlag viðskiptanna, er samræði eða önnur kynferðismök. <sup>7</sup> Þannig býður annar aðilinn fram líkama sinn til kynlífsþjónustu gegn greiðslu eða endurgjaldi hins aðilans. Slíkum viðskiptum verður tæplega jafnað við viðskipti um til dæmis varahluti í bíl eða aðra dauða hluti. Hér er um að ræða andlag viðskipta sem alla jafna er hluti af einkalífi fólks, kynferðismök, og getur því verið erfiðara en ella að að greina hvenær kynferðismök eru orðin að vændi, það er að endurgjald komi fyrir þau. Sem dæmi má nefna ef einstaklingar hafa kynferðismök og annar aðilinn afhendir hinum síðan farsíma að gjöf, telst hann þá hafa látið af hendi endurgjald fyrir kynferðismökin? Hvað ef við skiptum farsímanum út fyrir sígarettur, áfengi eða jafnvel einfaldlega heita máltíð? Ljóst er að um þunna línu er að ræða og svarið því alls ekki auðfundið.

Ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. hljóðar svo:

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Við lestur ákvæðisins vakna nokkrar spurningar varðandi túlkun þess enda alls ekki skýrt hvað fellur undir það. Álitaeftin sem helst má nefna eru tvö. Í fyrsta lagi segir í ákvæðinu: „Hver sem greiðir eða heitir greiðslu...“ en ekki er augljóst hvenær aðili getur talist hafa heitið greiðslu fyrir vændi. Í annan stað segir: „... annars konar endurgjaldi“, en samkvæmt íslenskri orðabók er ein skýring á orðinu endurgjald svohljóðandi: „Það sem goldið er í réttu hlutfalli við (góðar eða vondar) athafnir“. <sup>8</sup> Því verður að álykta að um ákaflega víðtækt hugtak sé að ræða sem gæti í raun vísað til alls milli himins og jarðar. Það liggur í augum uppi að ef ekki verður reynt að leita leiða til þess að henda reiður á því hvað getur fallið undir hugtakið getur það valdið mikilli réttaróvissu. Mikilvægt er að veita því athygli að refsilög ber að skýra

<sup>6</sup> Lögfræðiorðabók með skýringum, bls. 498.

<sup>7</sup> Hér á eftir verður látið nægja að vísa til kynferðismaka í stað „samræðis eða annarra kynferðismaka“ til hagræðis.

<sup>8</sup> Mörður Árnason: *Íslensk orðabók*, bls. 190.

þröngt og skýra ber refsíákvæði í hag sakbornings.<sup>9</sup> Þá vaknar grundvallarspurning við beitingu ákvæðisins: Hvað þarf að vera komið fram af hálfu kaupanda til þess að um vændi, sem viðurlög liggja við samkvæmt 1. mgr. 206. gr. hgl., sé að ræða? Svarið við spurningunni er grundvöllurinn að refsíabyrgðinni enda eru kynferðismök milli fullorðinna einstaklinga alla jafna ekki refsiverð nema annað og meira komi til. Skilyrðið um greiðslu eða endurgjald er því undirstaða þess að athæfið sé refsivert af hálfu kaupandans. Þá þarf að gaumgæfa hvort greiðsla eða endurgjald, eða loforð þess efnis, fyrir kynferðismökin eigi sér stað, sem leiðir til refsíabyrgðar. Greiðslan eða endurgjaldið er oft í formi peninga en það er þó alls ekki algilt og endurgjaldið getur verið í hvers kyns formi.

## 2.2 Tjónsbrot með fullframningarstig fært fram

Brot eru flokkuð í þrjá flokka eftir fullframningarstigi þeirra. Flokkarnir eru tjónsbrot, samhverf brot og hættubrot. Fullframningarstig er það stig atburðarásar sem löggjafinn hefur talið að leggja ætti refsíabyrgð við háttsemi, en til þess að brot teljist fullframið verða allir efnisþættir í verknaðarlýsingu ákvæðisins að vera komnir fram og saknæmisskilyrði uppfyllt.<sup>10</sup>

Tjónsbrot nefnast þau brot sem eru fullframin þegar tjón verður. Ásetningur verður að ná til allra efnisþátta brotsins, þar með talið tjónsins eða afleiðinga verknaðarins þó gáleysi geti eftir atvikum nægt. Einfalt dæmi um tjónsbrot er til að mynda að brot gegn manndrápsákvæði 211. gr. hgl. er fullframið þegar maður deyr.<sup>11</sup> Meginreglan um tjónsbrot er sú að brotin eru ekki talin fullframin fyrr en afleiðingarnar eða tjónið er komið fram en þýðingarmikil undantekning frá þessari reglu eru þau tjónsbrot sem eru með fullframningarstigið fært fram.<sup>12</sup>

Í tjónsbroti með fullframningarstig fært fram felst að brotið geti talist fullframið án þess að tjónið eða afleiðingarnar séu komnar fram. Þessu má líkja við tilraunartjónsbrot, það er þegar efnisþættir brotsins hafa komið fram að undanskildu tjóninu sjálfu. Tilgangurinn með þessari aðferð löggjafans að færa fullframningarstigið fram virðist vera að sú að auka varnaðaráhrif og virkni ákvæðanna þegar hann telur brýnt að grípa inn í refsiverða háttsemi snemma og áður en afleiðingar koma fram.<sup>13</sup>

Við skoðun á 1. mgr. 206. gr. hgl. kemur það fyrir sjónir sem tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram. Í ákvæðinu kemur fram að brot gegn því felist í þeirri háttsemi

---

<sup>9</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 243-244.

<sup>10</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 73.

<sup>11</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 74-75.

<sup>12</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 76.

<sup>13</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 76-77.

að greiða eða heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi. Virðist því vera nóg til fullframningar brotsins að greiða eða heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi án þess þó að vændið, það er að segja kynferðismökin, fari fram í raun. Þetta er þó alls ekki skýrt og má benda á *Hrd. 20. september 2012 (200/2012)* í því samhengi en þar kom eftirfarandi fram:

Samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga er sú háttsemi refsiverð að greiða eða heita greiðslu fyrir vændi. Ljóst er af skýrslum ákærða og brotþola að hann hét henni 20.000 króna greiðslu og lagði hana fram. Brotþoli hefur neitað því að hún hafi orðið við ósk ákærða um kynlíf gegn greiðslu og hafi hún ekki tekið við greiðslunni. Samkvæmt þessu hefur ákærði ekki gerst sekur um fullframið brot gegn þessu ákvæði almennra hegningarlaga, en háttsemi hans fól í sér tilraun til slíks brots, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Hann verður því sakfelldur fyrir það, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hæstiréttur var ekki sammála um túlkun á fullframningarstigi ákvæðisins og skilaði einn dómari sérákvæði og taldi að um fullframið brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. væri að ræða.

### 2.3 *Concursus necessarius*

Það fer ekki á milli mála að brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. er afbrot sem þarfnast atbeina tveggja manna eða fleiri enda varla hægt að fallast á að aðili geti greitt fyrir vændi án þess að annar aðili komi til. Þegar um slíkt afbrot er að ræða gildir reglan um *concursus necessarius* en reglan er skilgreind svo:

Ef tilverknað eða atbeina fleiri manna en eins þarf til afbrots af rökbundinni nauðsyn, má yfirleitt líta svo á, að einungis atbeini þess, sem sérstaklega er tilgreindur í refsíákvæði, sé refsiverður. Um atbeina annarra má gagnálykta svo, að atbeini þeirra sé refsilaus.<sup>14</sup>

Ef við beitum reglunni um vændisákvæðið í 1. mgr. 206. gr. hgl. í núverandi mynd má sjá að refsíabyrgðin liggur ekki á þeim aðila sem veitir vændið heldur einungis þeim sem falast eftir því og reiðir af hendi eða heitir greiðslu í einhverju formi. Sú nálgun er í takt við tilgang breytinganna sem gerðar voru á vændisákvæðinu árið 2009 sem áttu að færa refsíabyrgðina yfir á kaupandann.<sup>15</sup>

## 3 *Próun vændisákvæðisins í löggjöfinni*

### 3.1 *Vændislöggjöf á Íslandi*

Lagasetning um vændi barst fyrst til Íslands með dönskum lögum. Flest refsíákvæði Dönsku laga Kristjáns V frá 1683 og síðari refsilaga Dana voru lögfest á Íslandi árið 1838. Þeirra á

<sup>14</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 284.

<sup>15</sup> Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 3072.



meðal var ákvæði um vændi þar sem fram kom að refsá ætti bæði kaupanda og seljanda þess, en mun þyngri refsing var við broti seljanda vændisins. Í ákvæðinu var gengið út frá því að kaupandinn væri karlmaður en seljandinn kvenmaður. Árið 1869 voru sett almenn hegningarlög á Íslandi sem tóku við af Dönsku lögnum og í þeim var meðal annars kveðið á um refsingu við vændi. Árið 1940 leystu nágildandi hegningarlög þau eldri af hólmi þegar lög nr. 19/1940 tóku gildi. Í þeim lögum voru einnig ákvæði um vændi, bann var lagt við því að framfæra sér með vændi í 181. gr. og einnig því að hafa tekjur af vændi annarra í 206. gr. laganna. Árið 1992 voru gerðar breytingar á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna og meðal annars var vændisákvæðið gert ókynbundið þannig að það tæki til seljenda vændis hvort sem þeir væru konur eða karlar og eins hvort sem kaupendur væru karlar eða konur.<sup>16</sup>

Umskipti urðu á ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. árið 2007 með breytingarlögum nr. 61/2007 þegar refsinemi þess að stunda vændi sér til framfærslu var fellt á brott úr lögnum og ákvæðið eingöngu látið ná til refsíabyrgðar þeirra sem hagnýttu sér vændi annarra. Þessi breyting var í takt við lagabreytingar á öðrum Norðurlöndum og aukna vitundarvakningu um eðli vændis. Þá var litið til þess að í flestum tilvikum væri vændi stundað í neyð, til dæmis í sambandi við fíkniefnaneyslu og mansal, og því væru þeir sem stunduðu vændi raunveruleg fórnarlömb. Þegar ákvæðinu var breytt árið 2007 voru uppi umræður um að ganga enn lengra og lögfesta ákvæði um refsíabyrgð þeirra sem greiða eða heita greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir kynferðismök, aðferð sem þá var orðin þekkt sem sænska leiðin. Það varð þó ekki úr því að þessu sinni.<sup>17</sup>

Árið 2009 urðu straumhvörf í stefnu löggjafans um vændi á Íslandi en með breytingarlögum nr. 54/2009 var gert refsivert að greiða eða heita greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi.<sup>18</sup> Frumvarp að sambærilegum lögum hafði þá nokkrum sinnum áður verið lagt fyrir Alþingi en ekki komist í gegn. Við breytinguna árið 2009 barst fjöldi umsagna um málið og var meirihluti þeirra jákvæður í garð breytingarinnar þar sem meðal annars kom fram að vændi væri birtingarmynd kynferðisofbeldis og þeir sem seldu líkama sinn væru í flestum tilfellum að gera það í neyð.<sup>19</sup> Með lagabreytingunni mætti í raun segja að refsíabyrgðinni hafi þannig verið snúið við frá því sem áður var, það er fram til ársins 2007, en þá var refsivert að stunda vændi en refsilaust að kaupa það. Dæmi um beitingu ákvæðisins áður en því var breytt er *Hérd. Reykn. 31. október 2003 (S-859/2003)* en þar var X dæmd fyrir

---

<sup>16</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Vændi – löggjöf og viðhorf“, bls. 395-397.

<sup>17</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 549-550.

<sup>18</sup> Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 3072.

<sup>19</sup> Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 3073.

brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. með áorðnum breytingum fyrir að hafa stundað vændi sér til framfærslu. Þarna var það því seljandi vændisins sem bar refsíabyrgðina.

Ákvæðið í núverandi mynd hljóðar svo:

[Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.]1)

[Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis. Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.]2)

Lagaákvæðið er fremur nýtt í íslenskum lögum og því erfitt að álykta um hversu langt það getur gengið og hvernig dómstólar taka á blæbrigðum við framkvæmd brotsins. Þrátt fyrir að oft sé um að ræða beint og augljóst brot, til dæmis þegar greitt er fyrir kynferðismök í beinhörðum peningum og orsakatengslin eru augljós, þá eru fjöldamörg tilvik þar sem alls ekki er auðséð að um vændi sé að ræða. Þetta á einkum við þegar endurgjaldið eða greiðslan er í öðru formi en peningum.

## 3.2 Vændislöggjöf á Norðurlöndunum

### 3.2.1 Svíþjóð

Svíþjóð varð brautryðjandi í breyttum áherslum á refsilöggjöf varðandi vændi árið 1998 þegar sett voru lög þar sem refsíabyrgðin var lögð á kaupendur vændis en ekki þá sem stunduðu það. Lögin nefnast „Lag om förbud mot köp av sexuella tjänster“ og eru nr. 1998/408.<sup>20</sup>

Lagasetningin var viðleitni til þess að ráðast á rót vandans þar sem tilfellið var yfirleitt að seljendur vændis, það er að segja þeir sem seldu aðgang að eigin líkama, voru fórnarlömb eiturlyfjaneyslu, misnotkunar, mansals eða annarra erfiðra aðstæðna. Með því að velta refsíabyrgðinni á kaupanda vændis í stað þeirra sem stunduðu það væri því verið að koma henni yfir á þann sem í raun hefði valkost, kaupanda vændis, þar sem þeir sem stunduðu vændið hefðu sjaldnast val.<sup>21</sup> Þar að auki væri mikilvægt að samfélagið lýsti andstöðu við

<sup>20</sup> Alpt. 2006-07, A-deild, bls. 549.

<sup>21</sup> Gunilla Ekberg: „The Swedish Law That Prohibits the Purchase of Sexual Services“, bls. 1187.

kaupum á vændi í þágu hagsmuna samfélagsins og einstaklingsins þar sem skaðsemi vændis og tengsl við glæpastarfsemi væru augljós.<sup>22</sup>

Þessi aðferð við að stemma stigu við vændi hefur jafnan verið kölluð sænska leiðin, eins og fyrr hefur komið fram, síðan Svíþjóð steig fyrst þjóða skrefið og sneri refsíabyrgðinni yfir á kaupandann. Sænska leiðin hefur verið umdeild síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1999 og eru skiptar skoðanir um hvort hún hafi dregið úr vændi eða aðeins gert það að verkum að falið vændi hafi færst í aukana og þar með erfiðara að upplýsa það.<sup>23</sup> Samkvæmt nýlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið um áhrif sænsku leiðarinnar hefur vændi aukist verulega á öllum Norðurlöndum nema Svíþjóð og má draga þá ályktun að það sé afleiðing hinnar breyttu löggjafar.<sup>24</sup> Því virðist sem bann við kaupum á vændi hafi haft tilætluð áhrif í Svíþjóð og aðferðin sé mikilvægt vopn í þeirri baráttu að hindra vændi.<sup>25</sup>

### 3.2.2 Noregur

Árið 2008 fetuðu Norðmenn í fótspor Svía og lögfestu hina svokölluðu sænsku leið með breytingarlögum nr. 104/2008 er nefndust „Lov om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven (kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller handling mv.)“ og með þeim voru kaup á vændi gerð refsiverð.<sup>26</sup> Breytingin var þó ekki alveg átakalaus, en í kjölfar skýrslu sem gerð var um árangur aðferðarinnar í Svíþjóð ákvað norska ríkisstjórnin árið 2004 að lögunum yrði ekki breytt á þann hátt að kaup á vændi yrðu gerð ólögleg.<sup>27</sup> Umskipti urðu því í málaflokknum þegar lögunum var breytt árið 2008. Í lögskýringargögnum með breytingarlögunum árið 2008 voru aðalástæður fyrir þessari stefnubreytingu sagðar vera þær að þessi aðferð væri nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir mansal á alþjóðavettvangi,<sup>28</sup> að nauðsynlegt væri að gera kaup á vændi ólögleg til þess að koma í veg fyrir kaup á vændi af þolendum mansals og koma í veg fyrir stækkun vændisiðnaðarins.<sup>29</sup>

---

<sup>22</sup> Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á Norðurlöndum og víðar, bls. 15.

<sup>23</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 549.

<sup>24</sup> SOU 2010:49, bls. 36.

<sup>25</sup> SOU 2010:49, bls. 40.

<sup>26</sup> Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 3072-3073.

<sup>27</sup> *Sexkjøp i Sverige og Nederland: Reguleringer og erfaringer.*

<sup>28</sup> Per Ole Tråskman: „Purchase of a Sexual Service – A Lawful Private Delight or an Offence? A Study of Criminal Legislation in the Nordic Countries“, bls. 299-300.

<sup>29</sup> Ot.prp. nr. 48 (2007-2008).

## 4 Túlkun ákvæðisins

### 4.1 Almenn

Mikilvægur hluti af því ferli að komast að niðurstöðu um hvað felst í raun í þeim hluta vændisákvæðisins sem lýtur að greiðslu eða loforði um greiðslu eða endurgjald er túlkun lagaákvæðisins út frá lögskýringarferlinu. Það er fyrsta skrefið í því að álykta um hvaða háttsemi fellur undir ákvæðið, það er að segja hvað geti talist sem endurgjald, hvenær greiðsla þess telst hafa farið fram og jafnframt hvaða áhrif það hefur að leggja bann við því að heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vandi.

Texti lagaákvæðisins er grundvöllur túlkunarinnar og einblínt verður sérstaklega á þann hluta lagaákvæðisins sem mælir fyrir um greiðslu og endurgjald.<sup>30</sup> Tilgangur lögskýringarinnar er að reyna að leiða í ljós hvernig túlka beri lagatextann og koma þannig í veg fyrir réttaróvissu. Á meðan ekki er skýrt hvað fellur undir hugtökin endurgjald og greiðsla eða loforð þess í ákvæðinu er ekki hægt að koma í veg fyrir slíka réttaróvissu sem óæskilegt er að sé til staðar í réttarríki.

Túlkun á lagaákvæði má skipta í tvo meginhluta, innra samhengi og ytra samhengi, en skilgreina má samhengi lagaákvæðis sem: „samheiti yfir öll þau sjónarmið og upplýsingar sem almennt er viðurkennt að hafi eða geti haft áhrif þegar ákvæðið er túlkað“.<sup>31</sup> Þegar um innra samhengi er að ræða er einungis horft á ákvæðið sjálft og innihald þess en þegar ytra samhengi er skoðað er litið til þeirra gagna og lögskýringarsjónarmiða sem koma til álita við skýringu ákvæðisins utan þess sjálfs.<sup>32</sup>

### 4.2 Innra samhengi

Við athugun á innra samhengi lagaákvæðis er textinn útgangspunkturinn og grundvöllur túlkunarinnar, hann er merkingarfræðilegur rammi ákvæðisins. Því er um textaskýringu að ræða þar sem textinn er túlkaður og merking orða í lagaákvæðinu greind.<sup>33</sup> Það sem veldur vafa í texta 1. mgr. 206. gr. hgl. er annars vegar umfang hugtakanna greiðsla og endurgjald, það er að segja yfir hvaða efni eða athafnir þau geta náð og hins vegar hvað felst í því að bann er lagt við að heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vandi.

---

<sup>30</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 26.

<sup>31</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 49.

<sup>32</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 49-50.

<sup>33</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 59.

#### 4.2.1 Greiðsla og endurgjald

Í texta ákvæðisins er ekki að finna neitt sem gerir okkur kleift að takmarka eða þrengja hugtökin úr því að ná í raun yfir greiðslu eða endurgjald í hvaða formi sem er, hlutlægu eða huglægu. Íslensk orðabók gefur ekki skýrari skilgreiningar en almenna málvenju um hugtökin, það er að eitthvað sé goldið í hlutfalli við athafnir,<sup>34</sup> sem í þessu tilviki eru kynferðismök. Af textanum má álykta að það sem einn gæti talið vera greiða eða góðverk í kjölfar kynferðismaka, til dæmis hreinsun á þakrennum, gæti annar talið vera greiðslu eða endurgjald fyrir slíkt hið sama. Því er ljóst að leita verður lengra að svörum og kafa dýpra í bakgrunn ákvæðisins.

#### 4.2.2 Heit greiðslu eða endurgjalds

Þá ber að athuga þann hluta ákvæðisins þar sem lagt er bann við því að heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi. Hér vandast málið umtalsvert enda afdráttarlaust orðalag og að öllu leyti sambærilegt því sem notað er um bann við greiðslu. Við lestur ákvæðisins með tilliti til innra samhengis þess virðist því varla geta verið um annað að ræða en að við því að heita greiðslu fyrir vændi liggja sama refsíabýrgð og við því að greiða fyrir það. Þrátt fyrir afdráttarlaust orðalag getur þetta skapað margvísleg vandamál í framkvæmd og dómarrar Hæstaréttar sýnast ekki vera allir á sama máli hvað þetta varðar eins og sjá má í *Hrd. 20. september 2012 (200/2012)* sem áður var fjallað um.

#### 4.2.3 Niðurstöður skoðunar á innra samhengi

Svo virðist sem textinn sé að mestu leyti skýr hvað varðar endurgjald og greiðslu að því leyti að það verði að koma við sögu. Varla er því hægt að kryfja inntak ákvæðisins nánar án þess að önnur gögn komi til. Ekki verður dregin ályktun um túlkun ákvæðisins af innra samhenginu einu saman og verður því að líta til ytra samhengis ákvæðisins.

### 4.3 Ytra samhengi

Við athugun á ytra samhengi ákvæðis skal líta til gagna sem standa utan við ákvæðið, utan texta þess. Skoða ber sjónarmið sem fram koma í lögskýringargögnum, sögulegum skýringum, markmiðsskýringum og túlkun ákvæðis með vísan til meginreglna.<sup>35</sup>

Núverandi ákvæði 1. mgr. 206. gr. er tiltölulega nýtt í íslenskum lögum og því þarf ekki að leita langt til þess að skoða slík gögn. Ganga má út frá því að tíðarandinn og það

---

<sup>34</sup> Mörður Árnason: *Íslensk orðabók*, bls. 190.

<sup>35</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 93, 155, 180, 229.

samfélagsástand sem var við lýði þegar ákvæðinu var bætt í hegningarlögin sé að mestu leyti óbreytt.

Lögskýringargögn eru meðal annars undirbúningsgögn og önnur gögn sem útbúin eru í tengslum við gerð og meðferð lagafrumvarps á Alþingi. Þar á meðal eru greinargerðir með frumvörpum enda eru þær mikilvæg gögn til þess að varpa ljósi á tilgang lagaákvæða og til hvaða tilvika þau eigi að ná.<sup>36</sup>

#### 4.3.1 Greiðsla og endurgjald

Þegar litið er á greinargerð með frumvarpi til laga nr. 54/2009, breytingarlaga almennra hegningarlaga nr. 19/1940,<sup>37</sup> þar sem 1. mgr. 206. gr. hgl. kom í núverandi mynd inn í hegningarlög, má sjá að löggjafinn sýnir viðleitni til þess að marka því stefnu hvernig skilja beri endurgjalds- og greiðsluhugtakið í ákvæðinu. Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram:

Ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta.<sup>38</sup>

Við fyrstu sýn virðist sem svo að með þessu sé kominn afdráttarlaus og skýr grundvöllur til beitingar ákvæðisins og ekki þurfi að leita lengra. Hér er þó að einhverju leyti um þarf lausa athugasemd að ræða þar sem útskýringar löggjafans í greinargerðinni bæta í raun litlu eða engu við lagaákvæðið sjálft. Vissulega er gott að áréttta í greinargerð að greiðslan geti verið í hvaða formi sem er þannig að það sé hafið yfir allan vafa að ekki sé einungis átt við greiðslu í formi peninga. Hins vegar er ljóst er að hugtökin endurgjald eða greiðsla geta í sjálfu sér náð til alls þess sem nefnt er í greinargerðinni sem form á greiðslu, án þess að þau séu skilgreind frekar.

Það er engum vafa undirorpið að ekki verður aðeins brotið gegn ákvæðinu með því að greiða peninga fyrir kynferðismök heldur einnig greiðslu í hvaða formi sem er. Þrátt fyrir þessa áréttingu í greinargerðinni um hvað geti fallið undir greiðslu eða endurgjald er enn vafi um hvenær aðili telst hafa gerst brotlegur gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. með því að greiða ellegar heita greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir vændi. Svo dæmi sé tekið má ímynda sér að tveir fullorðnir einstaklingar stundi kynferðismök, stuttu síðar býður annar þeirra hinum út að borða og í bíó. Er hér um að ræða greiðslu eða endurgjald fyrir kynferðismök þannig að refsíabýrgð liggja við? Ljóst er að ef fallist væri á að túlka tilvikið sem vændi væri til staðar óviðunandi og óframkvæmanlegt inngríp í einkalíf borgara. Enn gengur dæmið ekki upp og

<sup>36</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 98.

<sup>37</sup> Hér eftir verður vísað til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 54/2009 sem greinargerð breytingarlaganna.

<sup>38</sup> Alpt. 2008-09, A-deild, bls. 3072.

skilgreina verður nánar hvenær aðili telst hafa greitt ellegar heitið greiðslu eða endurgjaldi fyrir kynferðismök þannig að um vændi sé að ræða. Í dæminu hér að ofan eru vísitandi notaðar aðstæður sem almennt myndu teljast sem tiltölulega eðlileg samskipti, í það minnsta fjarri því að vera slík að refsíabyrgð ætti að liggja við, til þess að sýna hversu óræð og óskýr línán er milli órefsiverðra kynferðismaka og vændis.

Enn er hugtakið of vítt og réttaróvissan of mikil og ekki hefur fengist svar við spurningunni um hvenær aðili telst hafa greitt fyrir vændi, það er að segja hvað þarf að vera komið fram af hálfu kaupanda til þess að um brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. sé að ræða.

#### 4.3.2 Heit greiðslu eða endurgjalds

Í greinargerð breytingarlaganna er ekkert nánar fjallað um þann hluta ákvæðisins sem greinir frá refsinaemi þess að heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi. Virðist sem löggjafanum hafi þótt ákvæðið skýrt að þessu leyti og óþarft að útskýra það betur. Þetta gefur vísbendingu um vilja löggjafans til þess að láta refsíabyrgðina ná til þeirra sem aðeins heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir vændi en jafnvel láta það ekki af hendi.

## 5 Erlend skrif

Þegar reynt er að komast að niðurstöðu um óvissuatriði við túlkun og beitingu ákvæðisins er rétt að líta til Norðurlandanna, enda er ákvæðið tekið upp í íslensk hegningarlög að fyrirmynd þeirra. Eins og áður hefur komið fram var Svíþjóð fyrsta landið sem lagði refsingu við kaupum á vændi með lögum nr. 408/1998, „Lag om förbud mot köp av sexuella tjänster“.<sup>39</sup> Árið 2008 fetuðu Norðmenn í fótspor Svía með lögum nr. 104/2008 „om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven (kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller handling mv.)“ þar sem refsing var lögð við því að greiða fyrir vændi.<sup>40</sup> Sænsku og norsku ákvæðin um bann við kaupum á vændi samsvara því íslenska og þannig geta fræðiskrif og framkvæmd þessara Norðurlanda veitt sterkar vísbendingar um framkvæmdina á Íslandi.

Í Noregi hefur verið skrifað um neikvæðar afleiðingar lagasetningarinnar um bann við kaup á vændi þar í landi. Rannsakað hefur verið hvað í því felst að kaupandi vændis greiði ellegar heiti greiðslu eða endurgjaldi, það er að segja hvað felst í orðunum „mot vederlag“ í norska ákvæðinu. Greiðsla ellegar loforð um greiðslu eða endurgjald er skilyrði þess að ákvæðinu sé beitt og ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan sé. Þá er áhersla lögð á forsendur þátttakenda vændisins, kaupanda og seljanda, hvort þeim hafi báðum verið ljóst að

<sup>39</sup> Alþt. 2006-07, A-deild, bls. 549.

<sup>40</sup> Alþt. 2008-09, A-deild, bls. 3072-3073.

um væri að ræða greiðslu fyrir kynferðismök. Líkt og í greinargerðinni með íslensku hegningarlögunum þegar 1. mgr. 206. gr. hgl. kom inn í núverandi mynd er greint frá því að greiðsla geti verið í hvaða formi sem er; peningum, áfengi, eiturlyfjum eða hvaðeina. Þá er talið að endurgjaldshugtakið í ákvæðinu nái ekki yfir litlar gjafir líkt og blómvendi, enda gæti reynst erfitt að sýna fram á orsakasamhengi milli gjafanna og kynferðismakanna.<sup>41</sup> Þetta gefur aðeins skýrari mynd um endurgjaldshugtakið og hversu langt það nær. Þrátt fyrir ágæta útskýringu er erfitt að ákveða nákvæmlega hvað geti talist sem „litlar gjafir“ þannig að það falli utan ramma lagaákvæðisins. Það sem einum finnst stór gjöf getur öðrum fundist lítil og hér er því um mikilvægt matsatriði að ræða.

Í öðrum norskum skrifum varðandi framkvæmd og áhrif sænsku leiðarinnar þar í landi er orðalag ákvæðisins einnig rannsakað og meðal annars hlutinn sem lýtur að endurgjaldi, það er að segja orðin „mot vederlag“. Lögd er áhersla á að afbrotið felist í sjálfu sér ekki í því að stunda kynferðismök með vændiskonu heldur felist það í því að greiða fyrir kynferðismökin ellegar heita greiðslu eða endurgjaldi fyrir þau. Ennfremur þurfi greiðsla ekki að hafa farið fram, heldur er nóg að henni hafi verið heitið til þess að brotið teljist framið. Áhersla er lögd á að ekki sé nauðsynlegt að samningi um greiðslu sé sérstaklega lýst yfir en fullnægjandi sé að allir aðilar geri sér grein fyrir honum.<sup>42</sup> Tekið er ímyndað dæmi sem hæglega getur átt sér stað í raunveruleikanum og sýnir fram á erfiðleika ákvæðisins í framkvæmd. Dæmið hljóðar svo:

Ég ímynda mér tilfelli þar sem tveir aðilar hittast í bænum og annar þeirra endar á því að borga fyrir áfengi hins. Eftir að áfengisneyslunni er lokið þá stunda aðilarnir kynferðismök. Fyrir utanaðkomandi aðila gæti það litið út sem svo að áfengið sem keypt var hafi verið greiðsla fyrir kynferðismökin. Sannarlega er því þannig háttað að báðir aðilar verða að vera meðvitaðir um þann þátt sem lýtur að greiðslu en erfitt getur verið fyrir ákærvaldið að sanna slíkt ef annar aðilanna heldur því fram að áfengið hafi ekki verið greiðsla eða endurgjald fyrir kynferðismök.<sup>43</sup>

Erfitt getur reynst að sýna fram á að samningur hafi tekist á með aðilum um kaup á vændi, sérstaklega ef um er að ræða endurgjald af öðrum toga en peningum og meintur kaupandi neitar því að um vændi hafi verið að ræða.

---

<sup>41</sup> Alexander Sørli: „En drøftning av eventuelle negative konsekvenser ved forbud mot sexkjøp“, bls. 13.

<sup>42</sup> Line Meyer Widing: „En kritisk analyse av straffeloven § 202a med fokus på menneskerettigheter, håndhevingsproblematikk og virkninger“, bls. 25-26.

<sup>43</sup> Line Meyer Widing: „En kritisk analyse av straffeloven § 202a med fokus på menneskerettigheter, håndhevingsproblematikk og virkninger“, bls. 28. (Þýðing höfundar).



## 6 Dómaframkvæmd

Eins og áður hefur komið fram er 1. mgr. 206. gr. hgl. tiltölulega nýtt ákvæði í íslenskum hegningarlögum og nokkuð frábrugðið því sem áður var. Lítil framkvæmd er komin á ákvæðið og enn margir óvissuþættir í beitingu þess. Hvað varðar endurgjald í öðru formi en peningum er um sáralitla framkvæmd að ræða og erfitt að draga ályktanir enn sem komið er. Helst má nefna einn íslenskan dóm þar sem kanna þurfti hvað gæti talist endurgjald í skilningi ákvæðisins, *Hrd. 31. október 2013 (526/2013)*. Af þeim dómi má að einhverju leyti álykta hvað teljist til endurgjalds fyrir vandi og hvar mörkin liggja í þeim efnunum. Aðrir dómur sem fallið hafa á Íslandi vegna brots á 1. mgr. 206. gr. hgl. eftir breytinguna árið 2009 hafa varðað greiðslu fyrir vandi í peningum og ekki hægt að draga ályktun um skilgreiningu endurgjaldshugtaksins af þeim. Hins vegar er um nokkra dómaframkvæmd í Svíþjóð að ræða þar sem hefur reynt á umfang endurgjaldshugtaksins og hvenær hægt sé að fallast á að um kaup á vandi sé að ræða út frá því.

### 6.1 Hrd. 31. október 2013 (526/2013)

#### 6.1.1 Málsatvik, forsendur og niðurstaða

Í málinu var sakborningur, K, ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fjórum brotapolum og þar á meðal fyrir kaup á vandi af þremur þeirra, A, B og D. Allir brotapolarnir áttu við andlega fötlun að stríða. Fyrir héraðsdómi viðurkenndi sakborningur að hafa átt kynferðisleg samskipti við brotapolana í öllum tilvikunum en neitaði því að um vandi væri að ræða.

Í tilvikum A voru brotin framin áður en 1. mgr. 206. gr. hgl. var breytt árið 2009 og var K því sýknaður af broti gegn því ákvæði gagnvart A.

Í tilvikum B kom eftirfarandi fram í dóminum:

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur neitað því fyrir dóminum að hafa greitt B fyrir kynferðismök, en hefur viðurkennt að hafa gefið honum mat, peninga, strætisvagnakort og -miða, sígarettur og bjór. Þetta hafi ekki verið greiðslur fyrir kynferðismök og hann hafi látið B fá þetta án tillits til þeirra. Í skýrslu ákærða hjá lögreglu 9. janúar sl. kom fram að hann hafi greitt tveimur mönnum fyrir að „fá að njóta þess að fróa“. Þegar hann var síðar í skýrslunni spurður sérstaklega um B kom fram hjá honum að hann hafi greitt B fyrir kynlíf og allur gangur hafi verið á því hvort rætt hafi verið fyrir fram um greiðslu. Þá kom fram hjá honum að hann hafi vítað að hann fengi að gæla við B ef hann ætti sígarettur. Við aðalmeðferð málsins gat ákærði ekki skýrt þá breytingu á framburði sínum að greiðslurnar hafi ekki verið fyrir kynferðismök. Þykir breytingin á framburði hans ótrúverðug og verður talið sannað að ákærði hafi greitt brotapolana fyrir kynferðismök, þótt hann hafi ekki greitt fyrir hvert skipti.

Ákærði var sakfelldur í héraðsdómi fyrir brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. fyrir kaup á vændi af B. Veita ber því athygli að endurgjaldið var meðal annars talið felast í því að ákærði lét brotþola í té mat, strætómiða, sígarettur og bjór. Hér er um að ræða form endurgjalds sem ekki er sjálfsagt að talist geti greiðsla fyrir vændi í öllum tilvikum. Strætómiðar, sígarettur og annað í þeim dúr, mætti hæglega skilgreina sem svokallaðar „litlar gjafir“ og þar með fallið utan ramma lagaákvæðisins. Í þessu máli hafði það tvímælalaust áhrif að ákærði breytti framburði sínum á ótrúverðugan hátt en áður hafði hann játað að hafa greitt B fyrir kynferðismök. Ef ákærði hefði haldið því fram frá upphafi að ekki hafi verið um greiðslur fyrir kynferðismök að ræða er ekki víst að komist hefði verið að jafnafdráttarlausri niðurstöðu um að um endurgjald fyrir vændi væri að ræða.

Í tilviki D kom eftirfarandi fram í dóminum:

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði kvað greiðslur sínar til D ekki hafa verið vegna kynlífs, heldur hafi þetta verið bensínpeningar. Þá neitaði hann því að D væri sá maður sem hann hefði greint frá í skýrslu hjá lögreglu 9. janúar sl. Kom þar fram hjá ákærða að hann hafi átt kynferðisleg samskipti við mann sem hafi verið í bílabraski og hafi vantað peninga vegna þess. Það hafi komið fyrir að hann hafi greitt honum fyrir kynlífsgreiða og það hafi verið samþykkt af þeim báðum. Þrátt fyrir þennan framburð ákærða þykir dóminum ljóst að peningagreiðslur hans voru í raun greiðslur fyrir kynlíf og reiddar af hendi í því skyni að fá brotþola til þess að koma til hans aftur.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. fyrir kaup á vændi af D. Hér er greiðslan í formi peninga sem er að mörgu leyti beinskeyttara form greiðslu en greiðsla af öðrum toga og ef til vill auðveldara að sýna fram á að sé í raun endurgjald fyrir vændi. Ákærði heldur því þó fram að þetta hafi ekki verið greiðsla fyrir kynferðismök heldur einungis peningar sem áttu að koma brotþola til aðstoðar við að kaupa bensín. Í dómnum er ekki farið djúpt í að kanna orsakasambandið milli endurgjaldsins og kynferðismakanna heldur talið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að um greiðslur fyrir kynferðismökina við D hafi verið að ræða í ljósi framburðar ákærða.

Hæstiréttur staðfesti dóminn með vísan til forsendna um annað en miskabætur.

### *6.1.2 Ályktanir*

Þegar dómurinn er skoðaður með tilliti til endurgjaldshugtaksins verður að líta til nokkurra þátta. Fyrst ber að nefna að ákærði játaði að hafa haft kynferðismök við alla brotþola. Í annan stað kemur fram samkvæmt skýrslum sálfræðinga og lækna í dómnum að allir brotþolar hafi haft andlega fötlun á einhverju stigi og ekki getað spornað við verknaðinum. Í þriðja lagi skal athuga að þrátt fyrir að ákærði hafi neitað því fyrir dómi að um vændi hafi

verið að ræða viðurkenndi hann að hafa látið brotapolum í té peninga, sígarettur og fleira. Ákærði játaði meðal annars fyrir dómi að hann hafi vitað að hann gæti fengið vilja sínum framgengt ef hann væri með sígarettur fyrir einn brotþola. Í ofanálag var framburður ákærða fyrir dómi talinn ótrúverðugur og í mótsögn við framburð hans í skýrslu lögreglu.

Af þessum atriðum verður ráðið að það hafi alls ekki verið á jafnbrattann að sækja fyrir ákæruvaldið að sýna fram á að það sem ákærði lét brotapolum í té hafi verið endurgreiðsla fyrir kynferðismök eins og það gæti hafa verið. Þannig er ekki hægt að draga þá ályktun að það sem ákærði lét brotapolum í té geti undir öllum kringumstæðum talist sem endurgjald fyrir kynferðismök. Sígarettur, bjór og strætómiðar hljóta að teljast til fátæklegs endurgjalds, að minnsta kosti í litlu magni, og dæmi um tegundir hluta eða gjafa sem gætu hæglega fallið utan ramma lagaákvæðisins. Breyturnar í þessum dómi eru í raun of margar til þess að hægt sé að draga sannfærandi ályktun um hvað geti fallist undir endurgjaldshugtakið. Ef aðstæður hefðu til að mynda verið þannig að ákærði hefði haft kynferðismök við einn aðila, brotþoli hefði ekki verið andlega fatlaður einstaklingur, misneyting hefði ekki verið til staðar og ákærði hefði neitað því að um endurgjald fyrir kynferðismökin væri að ræða er óvíst hvort fallist hefði verið á brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. Þrátt fyrir að hann hefði viðurkennt að hafa látið honum í té bjór og sígarettur.

## 6.2 Dómaframkvæmd í Svíþjóð

Af dómaframkvæmd í Svíþjóð má fyrst nefna dóm *Hovrätten för Nedre Norrland 2005-09-21 (B 887-04)*.<sup>44</sup> Þar var ákærði maður sem hafði stundað kynferðismök við konu tvisvar og viðurkennt að hafa gefið henni peninga og gjafir. Maðurinn var ákærður fyrir brot gegn „Lag om förbud mot köp av sexuella tjänster“ nr. 1998/408 fyrir að hafa keypt sér vændi gegn endurgjaldi. Þrátt fyrir að hafa viðurkennt að hafa látið konunni í té gjafir og peninga vildi ákærði meina að ekki væri um endurgjald fyrir vændi að ræða þar sem hann hafði talið að hann hefði átt í ástarsambandi við konuna. Ákærði neitaði því að samningur um vændi væri til staðar því forsenda hans fyrir því að gefa konunni gjafir og peninga hafi ekki verið að fá í staðinn að stunda kynferðismök við hana. Dómstóllinn féllst á að ekki væri sýnt fram á að í raun væri um endurgjald fyrir vændi að ræða og sýknaði manninn af broti gegn vændiskaupaákvæðinu í sænsku lögunum.<sup>45</sup>

---

<sup>44</sup> Áfrýjunardómstóll Nedre Norrland.

<sup>45</sup> Line Meyer Widing: „En kritisk analyse av straffeloven § 202a med fokus på menneskerettigheter, håndhevingsproblematikk og virkninger“, bls. 26.

Annar dómur sem vert er að nefna í þessu samhengi er dómur *Mölnalds tingsrátt (2006-3-15)*.<sup>46</sup> Tveir menn voru ákærðir fyrir að hafa greitt fyrir kynferðismök. Málavextir voru þeir að mennirnir höfðu greitt norsku pari 300 krónur sem þeir sögðu hafa verið ætlaða til þess að parið gæti greitt fyrir hótélherbergi þar sem kynferðismökin ættu að fara fram og einnig fyrir kvikmyndaupptöku af háttseminni. Óumdeilt var að greiðslan hafði farið fram og einnig að mennirnir tveir hefðu haft kynferðismök við konuna. Ákærvaldinu tókst hins vegar ekki að sýna fram á orsakasamhengi þarna á milli, að greiðslurnar hefðu verið endurgjald fyrir kynferðismökin. Dómstólinn komst að þeirri niðurstöðu að endurgjaldshugtakið í vændiskaupaákvæðinu gæti ekki náð yfir þessar aðstæður en í dómnum sagði að það væri utan refsiramma ákvæðisins þegar tvær manneskjur „af fúsum og frjálsum vilja, eftir heimsókn á bar, stunda ófyrirhuguð kynferðismök og ein manneskjan borgar hótélherbergið þar sem háttsemin fer fram“.<sup>47</sup> Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn vændiskaupaákvæðinu.<sup>48</sup>

Í hvorugum dómnum var hægt að sýna fram á orsakasamhengið milli þess sem gefið var eða greitt og kynferðismakanna þannig að hægt væri að fallast á að um endurgjald fyrir vændi væri að ræða. Af dómunum má glöggst greina þá þunnu línu sem liggur á milli þess hvað telst til vændis annars vegar og refsilausra kynferðismaka hins vegar, jafnvel þótt fram hafi farið gjafagerningar eða greiðsla af einhverju tagi milli aðilanna. Ákærvaldinu getur reynst afar erfitt að sanna að um kaup á vændi sé að ræða, ekki síst þegar endurgjaldið er í öðru formi en peningum. Sérstaklega er á brattann að sækja þegar kaupandi heldur því fram að ekki hafi verið um endurgjald að ræða heldur einungis gjafir og ekki sé orsakasamhengi á milli þeirra og kynferðismakanna. Þar sem óviðunandi er að fallast á að um endurgjald fyrir vændi sé að ræða í hvert sinn sem til dæmis einn aðili kaupir drykk handa öðrum og í kjölfar hafi þeir kynferðismök, þá er erfitt sýna fram á formfasta viðmiðun að þessu leyti.

---

<sup>46</sup> Umdæmadómstóll Mölnald.

<sup>47</sup> Þýðing höfundar.

<sup>48</sup> Line Meyer Widing: „En kritisk analyse av straffeloven § 202a med fokus på menneskerettigheter, håndhevingsproblematikk og virkninger“, bls. 27.

## 7 Niðurstöður og lokaorð

Hér hefur verið reynt að varpa frekara ljósi á hvað geti talist endurgjald fyrir vændi svo að um brot gegn 1. mgr. 206. gr. hgl. teljist vera að ræða og jafnframt hvað þurfi að vera komið fram af hálfu meints kaupanda vændis svo athæfið falli innan ramma ákvæðisins. Ljóst er að erfitt er að ákvarða skýra línu í þeim efnum enda veltur það algjörlega á aðstæðum hverju sinni. Kynferðismök fullorðinna einstaklinga eru jafnan hluti af einkalífi þeirra og því óumdeilanlega erfitt fyrir yfirvöld að hlutast til um hvort endurgjald hafi farið fram þannig að um kaup á vændi sé að ræða. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þegar greiðslan eða endurgjaldið er í öðru formi en peningum þar sem erfitt getur verið að greina á milli þess hvort þar séu gjafir á ferð eða endurgjald fyrir kynferðismökin. Ef aðili neitar því að um endurgjald fyrir kynferðismök sé að ræða getur ákærvaldið átt erfitt uppdráttar við að sýna fram á orsakasambandið þar á milli. Ekki er tækt að fallast á að kaup á vændi séu til staðar í hvert sinn þegar aðili lætur gjafir, peninga eða annað slíkt öðrum aðila í té á svipuðum tíma og kynferðismök þeirra í milli eiga sér stað. Ætla má að í langflestum tilvikum sé þar ekki um vændi að ræða heldur einungis nokkuð hefðbundin mannleg samskipti.

Greinilegt er að mörg vandamál rísa við beitingu 1. mgr. 206. gr. hgl. Þegar greina þarf hvort um kaup á vændi sé að ræða og hvort eitthvað geti talist endurgjald í skilningi ákvæðisins þarf því að meta aðstæður í hvert sinn. Í skrifum um norska vændiskaupaákvæðið sem samsvarar því íslenska kemur fram að svokallaðar „litlar gjafir“ nægi ekki til þess að vera endurgjald í skilningi ákvæðisins.<sup>49</sup> Hér er um ákaflega óljósa skilgreiningu að ræða og alls ekki nógu nákvæma til þess að ákvarða skilin milli þess hvenær um er að ræða of lítilfjörlega gjöf til þess að geta talist til endurgjalds þannig að það falli utan ramma 1. mgr. 206. gr. hgl.

Við beitingu ákvæðisins verður því einkum að líta til þriggja atriða. Fyrst ber að nefna að endurgjaldið má ekki vera of lítilvægt, það verður að hafa eitthvert gildi fyrir seljanda vændisins, hvort sem það eru peningar, hlutir eða þjónusta. Þar sem aðstæður fólks eru mismunandi verður að gaumgæfa þetta í hverju tilfalli. Næst verður líta til forsendna aðilanna, meints kaupanda og seljanda vændisins, en báðum verður að vera ljóst að um kaup á vændi sé að ræða. Erfitt getur reynst að sýna fram á þessar forsendur þar sem líklegt er að kaupandi vændis neiti því að hann hafi staðið í slíkum viðskiptum. Þriðja atriðið sem líta verður til er orsakasambandið milli endurgjaldsins og kynferðismakanna. Sýna þarf fram á að greiðslan, í hvaða formi sem hún er, sé í beinu sambandi við kynferðismökin og að þau hafi farið fram af þeirri ástæðu að endurgjald kom fyrir. Það getur reynst býsna erfitt að sýna fram á slíkt

---

<sup>49</sup> Alexander Sørli: „En drøftning av eventuelle negative konsekvenser ved forbud mot sexkjøp“, bls. 13

orsakasamhengi gegn neitun meints kaupanda vændis, sérstaklega ef greiðslan er ekki í formi peninga.

Því er ljóst að endurgjaldshugtakið í 1. mgr. 206. gr. hgl. er ákaflega illskilgreinanlegt. Virðist sem að um sé að ræða línu sem hreinlega er ekki hægt að draga en svigrúm hafi aftur á móti skapast til þess að atvik sem ekki séu kaup á vændi falli undir ákvæðið.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir vændi og þau samfélagslegu vandamál sem því fylgja. Hins vegar verður að gæta þess að vandað sé til verka í lagasetningu og koma í veg fyrir að réttaróvissa skapist í samfélaginu. Eftir ýtarlega skoðun á endurgjaldshugtaki 1. mgr. 206. gr. hgl. verður að fallast á þá niðurstöðu að ákvæðið sé ekki nógu skýrt og ótvírætt til þess að réttaróvissa sé útilokuð við beitingu þess.

## HEIMILDASKRÁ

Alexander Sørli: „En drøftning av eventuelle negative konsekvenser ved forbud mot sexkjøp“. *Meistararitgerð*. Osló 2012.

*Alþingistíðindi*.

Drífa Snædal: *Kynlífsmarkaður í mótun*. Reykjavík 2003.

Gunilla Ekberg: „The Swedish Law That Prohibits the Purchase of Sexual Services“. *Violence against women*, 10. tbl. 2004, bls. 1187-1218.

*Íslensk orðabók*. Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík 2007.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Line Meyer Widing: „En kritisk analyse av straffeloven § 202a med fokus på menneskerettigheter, håndhevingsproblematikk og virkninger“. *Meistararitgerð*. Osló 2009.

*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

*Ot.prp. nr. 48 (2007-2008). Om lov om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven (kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller handling mv.)*

Per Ole Träskman: „Purchase of a Sexual Service – A Lawful Private Delight or an Offence? A Study of Criminal Legislation in the Nordic Countries“. *Scandinavian studies in law*, 54. tbl. 2009, bls. 290-303.

Ragnheiður Bragadóttir: „Vændi – löggjöf og viðhorf“. *Guðrúnarbók. Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur*. Reykjavík 2006, bls. 393-410.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 2007.

*Sexkjøp i Sverige og Nederland: Reguleringer og erfaringer. Rapport fra arbeidsgruppe om rettslig regulering av kjøp av seksuelle tjenester*. Osló 2004.

*Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á Norðurlöndum og víðar*. Dóms- og kirkjumálaráðaneytið, Reykjavík 2006.

*SOU 2010:49. Förbud mot köp av sexuell tjänst. En utvärdering 1999-2008*. Stokkhólmur 2010.

## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 20. september 2012 (200/2012)*

*Hrd. 31. október 2013 (526/2013)*

Dómur héraðsdóms:

*Hérd. Reykn. 31. október 2003 (S-859/2003)*

Dómur áfrýjunardómstóls Nedre Norrland:

*Hovrätten för Nedre Norrland 2005-09-21 (B 887-04)*

Dómur umdæmadómstóls Mölndal:

*Mölndals tingsrätt (2006-03-15)*